



NaNO Fréttabréf – Nóvember 2014

Hvað höfum við gert í október?

Tókum þátt í samstarfsfundi MVS HÍ og Hug- og félagsvísindasviðs HA þann 2. október.

Vorum með málstofu á Menntakviku 3. okt. sl. sem bar yfirskriftina *Þróun náttúrufræðikennslu á næstu árum*. Þar sögðum við frá næstu skrefum í þróun námskeiðsins *Náttúruvísindi á 21. öld* og gagnabankanum.

Aðrar menntabúðir vetrarins voru haldnar miðvikudaginn 8. okt. sl. í Flensborgarskólanum. Þemað var verklegar æfingar í líffræði. Um 15 kennarar mættu og skiptust á hugmyndum. Nánari upplýsingar á menntabudir.natturutorg.is.

Viðskiptaráð og SA héldu fund sem við sóttum um stöðu og stefnu í menntamálum á Grand Hótel í Rvk. 9. okt. sl. Grand Hótel. Á fundinum var kynnt nýtt rit um stöðu og tækifæri til umbóta í menntun.

Við héldum samráðsfund náttúrufræði-/raungreinakennara á Vesturlandi í Heiðarskóla 10. okt. sl. Fundurinn var haldinn í tengslum við haustþing Kennarafélags Vesturlands. Rætt var samstarf hópsins og ákveðið að stefna að því að hittast tvisvar á önn. Einnig var stofnaður Facebookhópur til að skapa vettvang fyrir samskipti innan hópsins.

Við fórum á samráðsfund náttúrufræði-/raungreinakennara á Suðurnesjum í Holtaskóla 16. okt. Þar mættu 9 kennarar og ræddu m.a. forvarnaverkefni, vendikennslu og áherslur í kennslu

Námskeiðið *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi*. Staðlota um hafið var 27. okt. og fór hún fram í Húsi Sjávarklasans. Þátttakendur upplifðu meðal annars að sjávarútægur er allt annað en illa lyktandi lágtækniiðnaður. Nánar má lesa um námskeiðið á natturutorg.is/nanonamskeid.

Unnið áfram að ritstýringu efnis fyrir gagnabanka um viðfangsefni náttúruvísinda nýrrar aldar. nano.natturutorg.is.

Unnið að undirbúningi Legó keppinnar í samstarfið við VoN. Keppnin verður haldin í Háskólabíói 31. jan. nk. Sjá nánar á firstlego.is.

Undirbúningur málþings um náttúrufræðimenntun sem RAUN heldur í apríl er farinn af stað og kemur NaNO að þeim undirbúningi. Haft hefur verið samband við félög innan KÍ, fagreinafélögin, HA og samtök áhugafólks um skólaþróun um mögulegt samstarf.

Hvað er framundan?

Halda samráðsfund um náttúrufræðimenntun 17. nóv. nk. þar sem stefnumótandi aðilum samfélagsins er boðið.

Ljúka við mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* og birta skýrslu.

Ut anumhald Menntabúða, jafningjafræðsluvettvangs kennara, heldur áfram. Í nóvember verða tvö menntabúðir. Þær fyrri verða 13. nóvember nk. í Foldaskóla þar sem kennarar velja fyrir sér hvað sé góð verkleg æfing. Guðmundur Grétar Karlsson frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja stýrir þeim að þessu sinni. Þær seinni verða 18. nóv. nk. í Fjölbrautaskóla Suðurlands þar sem unnið verður með leiðir til að efla áhuga nemenda á náttúruvísindum. Nánari upplýsingar á menntabudir.natturutorg.is.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennsluhugmyndir í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum. Stefnt er að því að fá til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.

Vinna áfram að námskeiðinu *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* sem stendur grunnskólakennurum til boða í vetur. Næsta staðlota fjallar um líftækni.

Halda áfram samstarfi um samráðsfundi náttúrufræðikennara á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum.

Vinna að endurmenntunarnámskeiði grunnskólakennara í Garðabæ. Skráning á námskeiðið hefst í nóvember.

Við verðum með námskeið fyrir hóp kennara frá Kvennaskólann og eistneskum skóla sem eiga í samstarfi um þessar mundir. Áhersla verður á sjálfbærni og kennsluhætti.

Vinna að málþingi um náttúrufræðimenntun sem haldið verður í apríl 2015.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmælisjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld